

Fundargerð stjórnar SOS nr. 289

Staður: Fundarsalur SASS að Austurvegi 56, Selfossi.

Dagsetning og tími: 15. janúar 2020 kl. 14:30.

Mætt voru: Jón G. Valgeirsson, formaður, (JGV), Anton Kári Halldórsson (AKH), Ingibjörg Kjartansdóttir (IK), Arna Ír Gunnarsdóttir (AÍG) og Gísli Halldór Halldórsson (GHH). Þá mættu á fundinn Stefán Gíslason (SG og fulltrúar sveitarfélaga með aðild að SOS, Árni Eiríksson Flóahreppi, Eydís Indriðadóttir Flóahreppi, Ásta B. Ólafsdóttir Ásahreppi, Ingibjörg Harðardóttir Grímsnes- og Grafningshreppi, Ásta Stefánsdóttir Bláskógabyggð, Helgi Kjartansson Bláskógabyggð, Ása Valdís Árnadóttir Grímsnes- og Grafningshreppi, Björgvin Skafti Bjarnason Skeiða- og Gnúpverjahreppi, Halldóra Hjörleifsdóttir Hrunamannahreppi, Ágúst Sigurðsson Rangárþingi ytra og Elliði Vignisson Ölfusi.

1. Upplýsingafundur SOS með aðildarsveitarfélögum.

Stefán Gíslason kynnti stöðuna í móttöku blandaðs úrgangs í Fíflholtum og Stekkjarvík. Áfram er hægt að senda dýrahæ í Fíflholt, og e.t.v. Stekkjarvík, í takmarkaðan tíma. Unnið er að umverfismati vegna hræbrennslu á Strond og verið að skoða möguleika á að kaupa ofn sem fyrst.

Einnig ræddi Stefán vandkvæði vegna móttöku á grófum úrgangi.

Fulltrúar aðildarsveitarfélaganna gerðu grein fyrir stöðunni hjá sér gagnvart skammtímasamningum um móttöku úrgangs. Þau mál hafa verið leyst að sinni.

2. Umræður um hugsanlegar fyrirætlanir sveitarfélaga innan SOS

Umræður urðu á fundinum um þá möguleika sem fyrir hendi eru varðandi samræmingu á tilhögun flokkunar og móttöku úrgangs.

Formanni var falið að kanna grundvöll fyrir rammasamningsútboði þar sem boðin væri út móttaka úrgangs í aðgreindum úrgangsflokkum.

Stjórn samþykkir að næsti fundur stjórnar verði haldinn klukkan 14:30 þann 18. febrúar næstkomandi.

Fundi slitið klukkan 15:50